

Menntaskólinn á Akureyri
Félagsfræðibraut

Kennari: Linda Sólveig Magnúsdóttir
netfang: linda@ma.is

Uppeldisfræði 303 - Rannsóknarritgerð Kennsluáætlun vorannar 2013

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga vinna nemendur að einu stóru rannsóknarverkefni að eigin vali. Nemendur koma sjálfir með hugmyndir að viðfangsefnum, setja sér markmið og vinna markvisst og skipulega að þeim markmiðum. Í lok annarinnar gera nemendur svo ítarlega grein fyrir verkefnum sínum á ráðstefnudegi í maí. Fjallað verður eigindlega aðferðafræði og vinnulag í uppeldis- og menntunarfræðum (félagsvísindum) auk valinna viðfangsefna í samráði við nemendur.

Lesefni:

Greinar og annað efni sem kennari vísar á eða setur á Moodle. Nemendur afla sjálfir þeirra gagna og heimilda sem þeir þurfa að nota í rannsóknarverkefnið.

Kennsluform:

Fyrirlestrar, hópvinna, heimildarýni, gestafyrirlesarar og önnur verkefnavinna nemenda. Vinnutímar eru að minnsta kosti einu sinni í viku, 2 kennslustundir saman. Nemendur geta fengið leyfi til að fara á vettvang í þessum tímum, til dæmis að taka viðtöl, leggja fyrir kannanir og annað sem upp kann að koma. Mikilvægt er að nemendur geri grein fyrir þessum ferðum sínum og nýti tímann vel.

Markmið:

- Að efla **sjálfstæði í vinnubrögðum** og **gagnrýna hugsun** nemenda.
- Að nemendur þjálfist í **faglegum vinnubrögðum** og verði vel búnir undir háskólanám.
- Að efla uppeldisfræðilegt sjónarhorn nemenda.
- Að nemendur fái þjálfun í að **afla sér heimilda og leggja sjálfstætt mat** á þær.
- Að nemendur öðlist **grundvallarfærni í að kynna** eigin niðurstöðum fyrir öðrum.

Námsmat:

- Heimildarýni 5%
- Rannsóknaráætlun 10%
- Dagbók og vinnueinkunn 10%
- Sjálfsmat/áfangamat 5%
- Ráðstefna 25% - **skyldumæting er á ráðstefnuna**
- Rannsóknarritgerð 45% - **Ná þarf lágmarkseinkunn í þessum hluta til að aðrir einkunnahlutar gildi.**

Ráðstefnudagur áætlaður 16. maí. Nemendur bjóða gestum og ráðstefnan verður auglýst.

1. **Heimildarýni 5% - SKILADAGUR 21. febrúar.**
2. **Rannsóknaráætlun 10%** – gera á grein fyrir efni rannsóknar, markmiðum, rannsóknarspurningum og aðferð, vinnu- og tímaáætlun og þátttakendum. Skráning að minnsta kosti fimm heimilda og stutt umfjöllum um þær. SKILADAGUR 7. mars.
3. **Rannsóknarritgerð 45% - SKILADAGUR 16. maí.**
4. **Ráðstefnudagur 25% - 16. maí.**
5. **Dagbókarfærslur á Moodle 10%** (ásamt vinnueinkunn)
6. **Sjálfsmat/áfangamat 5% - SKILADAGUR 21. maí.**

Sjá nánar í „Verkefnalýsingar & leiðbeiningar“ á Moodle

vika	dagar	efni	verkefni & skil
1	31. jan. -1. febrúar	Kynning á áfanganum, hugstormun um efni rannsóknarritgerðar & hópaskipting	
2	4.-8. febrúar	Aðferðafræði & vinnulag, heimildaleit	
3	11.-15. febrúar	Unnið að rannsóknaráætlun	14. feb. -Dagbókarfærslur byrja
4	18.-22. febrúar	Málstofa um rannsóknir	21. feb. - Heimildarýni -skil
5	25. feb.-1. mars	Heimildavinna & undirbúningur	
6	4.-8. mars	Eigindlegar aðferðir & viðtöl	7. mars - Rannsóknaráætlun - skil
7	11.-15. mars	Eigindlegar aðferðir & viðtöl	
8	18.-22. mars	Vinnutímar	
9	25.-29. mars	Páskafri	
	1.-5 apríl	vinnutímar	
10	8.-12. apríl	Vinnutímar	10. apríl Skil á uppkasti
11	15.-19. apríl	Fundir með nemendum um stöðu mála	
12	22.-26. apríl	Ráðstefnuundirbúningur & vinnutímar	Skipað í nefndir
13	29. apríl – 3. maí	Ráðstefnuundirbúningur & vinnutímar	
14	6.-10. maí	Ráðstefnuundirbúningur & vinnutímar	
15	13.-17. maí		16. maí – Ráðstefnudagur 16. maí – Rannsóknarritgerð
16	20.-24. maí		21. maí – sjálfsmat/áfangamat
17	27. – 31. maí	Vorannapróf	

Þessi tímaáætlun er birt með fyrirvara og kennari áskilur sér rétt til breytinga.

Með von um gott samstarf og skemmtilegar og virkar samverustundir.

Linda Sólveig